




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Það þarf þorp



Leikskólinn Borg

Leikskólinn Bakkaborg

Breiðholtsskóli

Bakkasel frístundaheimili

Bakkinn félagsmiðstöð

Skólaárið 2019-2020



## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd .....	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra .....	6
4. Mat á verkefninu .....	6
5. Greinargerð um notkun styrkjár .....	6

## 1. Inngangur

- Markmið þessa verkefnis er að efla félagsfærni barna í Bakkahverfi og bæta ímynd hverfisins. Það gerum við með því að styrkja starfsmannahópinn sem við höfum í leik- og grunnskólum hverfisins, auk starfsfólks í frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.

Við störfum í hverfi sem hefur að geyma mikla fjölmenningu og hér eru fjölskyldur misjafnlega vel félagslega staddar. Það er okkar markmið að koma auga á börn sem eru falla einhverra hluta vegna ekki inn í hópinn, verða útundan og efla þau. Sjónarmið okkar er að öll börn eigi að hafa sömu tækifæra til þess að þroskast og dafna. Okkar hlutverk er að nota faglega þekkingu til þess að mæta þörfum ólíkra barna og fjölskyldna með það leiðarljós að öll börn eigi rétt til sömu tækifæra.

## 2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

- Breiðholt er sannarlega samfélag margbreytileikans þar sem hröð þróun hefur verið á samsetningu íbúanna síðustu ár. Fjölbreytileiki hefur aukist en um er að ræða fjölbreytileika meðal nemenda og fjölskyldna sem einkennist til dæmis í; fjölmörgum tungumálum og þjóðernum í hverfinu, efnahagslegu og félagslegum bakgrunni, lægri menntunarstigi meðal íbúa yfir 18 ára en í öðrum hverfum í Reykjavík og notkun frístundkorts vegna íþrótta- og tómstundastarfs, sem er um það bil 40% minna í Breiðholti en í öðrum hverfum.
- Helsta áskorunin er að móta samfélag þar sem að við byggjum á menningararfi samfélagsins, nýtum hann sem frjóan jarðveg fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að menntun barns skuli beinast að því að; „rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess“. Þannig eiga öll börn kost á því að „Láta draumana rætast“ (Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030).
- Stjórnendur stofnana í hverfinu hafa orðið varir við neikvæða orðræðu um skólana og hverfið. Áskorun þessara skóla, frístundar og félagsmiðstöðvar eru að efla sjálfmynd og trú á eigin getu hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum í hverfinu. Því er einhugur um að móta þróunarverkefni sem styður sterka sjálfsmynd, félagsfærni, seiglu og samfélagslega ábyrgð og virkni hverfisbúa.
- Eitt af markmiðum verkefnisins er að byggja upp jákvæða ímynd af skólunum, frístundinni, félagsmiðstöðinni og ekki síst hverfinu okkar. Grunnskólinn hefur beðið hnekki síðustu ár og hafa nemendur sótt út úr hverfinu í aðra skóla. Foreldrar leik- og grunnskólabarna eiga að geta valið stofnanir hverfisins sem fyrsta kost fyrir börnin sín.
- Skólasamfélagið (þvert á leik, grunn og frístund) hefur glímt við mikla starfsmannaveltu þar sem fagþekking hefur glatast. Það er brýn þörf á að efla

þekkingu starfsfólks og styrkja þá í lykilhlutverki við að skapa metnaðarfullt fagstarf með áherslum á velferð nemenda.

- Efla þarf fjölbreyttar kennsluaðferðir þvert á skólastig og fjölbreyttar leiðir í frístunda- og félagsstarfi til að mæta margbreytileika barnanna. Með eflingu lærdómssamfélags þvert á stofnanir og samræmingu í vinnubrögðum meðal starfsfólks eflir það færni þess í að mæta börnum og foreldrum þeirra á markvissan hátt. Brýnt er að tengja saman starfsfólk skólanna, byggja upp vaxandi hugarfar með jákvæðri orðræðu, sem stuðlar að aukinni félagsfærni og sjálfseflingu barnanna, starfsfólksins og foreldra þeirra.
- Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttáð? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Áætlað var að þróunarverkefnið yrði 3-5 ára verkefni. Lýsing á framkvæmd fyrsta árs.

### **Áfangi 1. Undirbúningur verkefnisins var frá og með febrúar 2019 til og með október 2019.**

Verkþættir í áfanga 1:

- **Greina vandann og mynda samstarfsvettvang meðal leik, grunn og frístundar í Bakkahverfi, febrúar 2019.** Boðað var til funda í febrúar til að ræða möguleika um samvinnu um sameiginlegt þróunarverkefni. Niðurstöður samtalanna sýndu að stofnanirnar takast á við svipaðar áskoranir í vinnu með börn og fjölskyldur þeirra. Þá væri það styrkur að fara samræmda leið að því að bæta skólaumhverfið, ímynd leik, grunn og frí, og hverfisins. Einnig að efla og styrkja sjálfsmynd starfsfólks, barna og foreldra hverfisins.
- **Markmiðasetning, gerð umsóknar og leitun að liðsauka til að móta leiðir, mars – apríl 2019.** Leitað var til KVAN vegna möguleika um að kaupa þjónusta hjá þeim til að styrkja starfsfólk, bæta fagþekkingu og efla fjölbreyttar kennsluaðferðir. Ákveðið var að vinna með KVAN í að leggja fram markvissa áætlun um fagnámskeið fyrir starfsfólk og að nota „verkfærakistuna“ í starfinu. Dæmi um aðferðir og verkfæri eru vináttuþjálfun, notkun innri hvata, jákvæð leiðtogaþjálfun, afleiðingaaðferðin, vinna með gerendur, samvinnuleikir og samvinnuverkefni, reiðistjórnun, félagsfærniþjálfun og hópefli. Einnig var leitað til þjónustumiðstöð Breiðholts, Barnaheilla og Háskóla Íslands um samstarf.
- **Formlegur undirbúningur vegna upphaf verkefnisins, maí 2019 – miðjan september 2019.** Vinna við gerð framkvæmdaáætlunar verkefnisins þar sem hlutverk þátttakenda var skilgreint í hverri stofnun fyrir sig. Stýrihópur skipaður og fundaskipulag ákveðið. Stýrihópur tók að sér umsjón framkvæmda á gólfinu og upplýsingamiðlun til starfsmanna um framvindu verkefnisins og stöðu framkvæmdaáætlunar. Undirbúin var kynning á verkefninu sem hver stjórnandi kynnti í sinni starfsstöð.

## Áfang 2. Innleiðing frá og með september 2019 til og með maí 2020

Verkþættir í áfanga 2:

- **Upplýsingagjöf og hópefli um miðjan september – október 2019.** Í ljós kom að erfiðlega gekk að fá alla aðila, leikskólana, grunnskólann, frístund og félagsmiðstöð að borðinu á sama tíma. Ef ætti að takast að ná hópnum saman þyrfti að skipuleggja sameiginlegan starfsdag allra í hverfinu.
- Stjórnendur leikskólanna og grunnskólans kynntu verkefnið fyrir sínu starfsfólki og ræddu um mikilvægi þess og framtíðarsýn sem þróunarverkefninu er ætlað að móta. Samheldni er lykilatriði í að breyta menningu og búa til til öflugt lærdómssamfélag. Ýmsar hugmyndir komu frá starfsfólkinu, svo sem markviss kennsla í félagsfærni og sjálfsefningu á miðstigi og innleiðing á Vináttuverkefni Barnaheilla.
- **Fræðsla og námskeið fyrir starfsfólk, október 2019 – febrúar 2020.** Undirbúningur námskeiðahalds með KVAN og Barnaheill. Framundan er námskeið um verkfærakistu KVAN fyrir starfsfólk leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Starfsfólk grunnskólans fékk fræðslu um einhverfu og félagsleg tengsl, Ég er unik. Einnig fengu starfsfólks grunnskólans og nemendur í 7.-10. bekk fræðslu um félagsleg samskipti á netinu. Starfsfólk leikskólans Borgar fékk fræðslu á starfsdegi um tengslaröskun frá Íslenskri ættleiðingu. Starfsfólk leikskólans Bakkaborgar og foreldrar fengu kynningu sem heitir Opinskátt um ofbeldi og um Leikur að læra. Í nóvember var skólastarfið í Breiðholtsskóla brotið upp með þemaviku um félagsfærni og sjálfsefningu.
- **Mars 2020 - Júní 2020.** Námskeið fyrir stjórnendur hjá KVAN. Þar verður mótuð framtíðarsýn til þriggja ára, efling liðsheildar og menningarmótun. Einnig verður námskeið í verkfærakistu fyrir starfsfólk leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Starfsfólk grunnskólans fékk fræðslu frá Samtökunum 78.
- **Lok apríl 2020.** Opinn fyrirlestur KVAN fyrir foreldra þar sem kynnt verður hvaða vinna er í gangi með starfsfólki. Þau veita foreldrum tæki og tól til að styðja við starfið í skólunum og frístund.
- Framundan er fræðslufyrirlestur sem starfsfólk er hvatt til að sækja. Fræðslufyrirlesturinn heitir „En ég var einn! - Málþing um stráka sem rekast á í skólakerfinu“. Einnig munu stjórnendur og fulltrúar í stýrahópi vera vakandi yfir málþingum og ráðstefnum á vegum Háskólanna, Skóla og frístundasviðsins og annarra fagaðila. Starfsfólk verður hvatt til að sækja þá fræðslu og stuðning sem býðst í samfélaginu. Bókaður verður fyrirlestur frá Nýmið varðandi félagsfærni og sjálfsefningu.
- **Kaup á fræðslu bókum og efniviði október 2019 – maí 2020.** Keyptar verða fræðslubækur og efniviður til að styðja við innleiðingu nýrrar þekkingar og starfsaðferða. Verkefnakista á vegum KVAN og Vináttukassinn frá Barnaheill er þar meðal annars. Námskeið Að læra að læra - Námsækni, markmiðasetning og sjálfsefning var keypt fyrir nemendur á miðstigi grunnskólans. Það er nýtt í félagsfærni- og sjálfsefningarkennslustundum.

- **Stuðningur og ráðgjöf á vegum Háskóla Íslands og Þjónustumiðstöð Breiðholts, október 2019 – maí 2020.** Leitað verður til fulltrúa frá Háskóla Íslands og Þjónustumiðstöð Breiðholts um samstarfs og stuðning sem varða félagslega þætti. Tengsl við félagsráðgjafa og sérfræðinga á vegum skólateymis hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts verður eft. Sérfræðiþekking vegna félagslegra þátta í foreldrasamstarfi og rannsóknahlutverk Háskóla Íslands eru mikilvægir þættir við að efla fagþekkingu, fagmennska og vinnubrögð.
- **Rannsókn á vegum Háskóla Íslands, janúar 2020 – lok verkefnisins** Leitað verður til Hervarar Ölmú Árnadóttur, Lektor við félagsráðgjafadeild HÍ, vegna rannsóknar á vegum meistaranemenda. Kennaranemi í Breiðholtsskóla gerir málefnið að umfjöllun sinni í meistararitgerð sem hún vinnur á vorönn 2020.
- **Fundir stýrahóps og framkvæmdastjórnar, október 2019 – júní 2020.** Stýrihópsfundir hafa verið sjö sinnum frá október 2019 þar til mars 2020. Gert er ráð fyrir því að stýrahópur fundi áfram mánaðarlega. Til að upplýsingagjöf og fundargerðir flæði á gangvirkt hátt milli stýrahóps var stofnaður Teams aðgangur. Þar eru fundargerðir vistaðar ásamt öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

### Áfang 3. Mat á verkefninu, janúar 2020 og maí – júní 2020

Verkþættir í áfanga 3:

- **Stöðumat - lok janúar 2020.** Fundað var í lok janúar um stöðu mála. Erfiðlega hefur gengið að fá fulltrúa frístundar og félagsmiðstöðvar á boðaða fundi. Í fyrstu hentaði tímasetning illa. Við mat á verkefninu í janúar 2020 kom fram að ýmislegt er að gerast á starfsstöðvunum tengt verkefninu. Tími til þess að hittast þvert á vinnustaðina er vandfundinn. Það sýnir fram á mikilvægi stýrihópsins og virkni á hverri starfsstöð. Ákveðið var að bjóða upp á námskeið KVAN bæði fyrir og eftir hádegi til að mæta þörfum ólíkra starfsstöðva.
- **Lokamat 1. árs, maí – júní 2020.** Farið verður í viðamikið mat meðal starfsfólks, nemenda og foreldra til þess að kanna hvar verkefnið standi í samræmi við áætlun og þau markmið sem sett voru við upphaf verkefnisins. Á öðru starfsári er stefnt að því að vinna áfram með markmið sem sett voru við upphaf verkefnisins en áherslan mun færast meira frá því að fræða og efla starfsfólk yfir í að fræða og efla börn og foreldra.

### Áfang 4. Gerð áætlun vegna 2. árs og framhald verkefnisins, ágúst 2020

Verkþættir í áfanga 4:

- **Áætlunargerð og undirbúningur annars árs.** Stýrihópur mun leggja lokahönd á framkvæmdaráætlun vegna annars árs þróunarverkefnisins. Undirbúningur vegna sameiginlegs starfsdags og fræðslu til starfsfólks á öðru ári.

### 3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Reynslan af verkefninu er heilt yfir góð. Við höfum rekið okkur á að finna tíma til funda er áskorun. Það að samræma fræðslu og námskeið er einnig flókið vegna ólíkra starfsstöðva, opnunartíma, kennsluskyldu og fleira. Þá hafa einnig óvæntar upptakur eins og verkfallsaðgerðir og mikil veikindi meðal starfsfólks haft töluverð áhrif á framkvæmd verkefnisins.

Ávinningur fyrir börnin verður sá að starfsfólk verður betur undirbúið við að takast á við félagslegar áskoranir í barnahópnum. Starfsfólk mun hafa tæki og tól til þess að kenna og styrkja félagsfærni og sjálfseflingu meðal barnahópsins.

Með verkefninu erum við að búa til lærdómssamfélag þvert á skólastig og starfsstöðvar í Bakkahverfi. Við tileinkum okkur vaxandi hugarfar í starfi og kennslu með börnum.

### 4. *Mat á verkefninu*

Leikskólinn Borg hefur notað veturinn til þess að vinna með gátlista úr nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Notast hefur verið við gátlista varðandi félagsfærni annars vegar og sjálfseflingu hins vegar. Með þeirri vinnu var hægt að kortleggja stöðu leikskólans varðandi vinnu með þessa þætti og jafnframt gera umbótaáætlun til þess að efla starfið enn frekar. Leikskólinn Bakkaborg og Breiðholtsskóli munu að sama skapi notast við gátlista Menntastefnunnar til að taka stöðuna og gera umbótaáætlun.

Unnið er að markmiðum verkefnisins og það er í áframhaldandi vinnslu þar sem um þróunarverkefni er að ræða. Sum markmið verkefnisins eru auðveldlega gerleg á meðan önnur þurfa þróun og aðlögun að ólíkum starfsstöðvum eftir því sem fram vindur.

Okkar stærsta áskorun er að koma á reglulegu, þverfaglegu samstarfi á milli ólíkra starfsstöðva og stofnana í Bakkahverfi.

### 5. *Greinargerð um notkun styrkjár*

Breiðholtsskóli hefur ráðstafað 800.000.- kr til kennslu og bókakaupa í félagsfærni og sjálfseflingu á miðstigi.

Breiðholtsskóli og leikskólinn Bakkaborg kaupa námskeið og efnivið fyrir starfsfólk í Vináttuverkefni Barnaheilla. Áætlaður kostnaður eru 250.000.- kr.

Kostnaður vegna KVAN.

Stjórnendanámskeið                      20 x 44.000 = 880.000

Verkfærakista                                75 x 78.000 = 5.850.000

## Starfsstaður

Fyrirlestur fyrir foreldra 1 x 65.000 = 65.000

Samtals = 6.795.000

*Styrkur frá Velferðasjóði* = 1.000.000

**Samtals til greiðslu** = **5.795.000**

## 6. *Kynning*

Fyrsta kynning fyrir foreldra barna í Bakkahverfi á verkefninu er áætluð í lok apríl 2020. Eftir því sem fram líða stundir og verkefnið þróast má gera ráð fyrir frekari kynningum.